

Borgarráð

Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins varðandi boðun á fund skipulags- og samgönguráðs 15. ágúst 2018

Þann 8. mars sl. barst Reykjavíkurborg bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 6. mars 2019, þar sem fram kemur að Eypór Arnalds borgarfulltrúi hafi f.h. borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins óskað eftir áliti ráðuneytisins á því hvort undirbúningur fundar skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar sem fram fór 15. ágúst sl. hafi verið í samræmi við ákvæði laga og reglna og hvort boðun hans geti talist fullnægjandi. Í bréfi ráðuneytisins kemur fram lýsing á málavöxtum auk þess sem tekið er fram að óumdeilt er að ágallar hafi verið á boðun þessa fundar skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar. Þessir ágallar höfðu ekki áhrif á mætingu kjörinna fulltrúa og áheyrnarfulltrúa þó hluti þeirra hafi síðan kosið að víkja af fundi eftir að hann var hafinn. Þá liggur fyrir að engum málum var lokið með fullnaðarafgreiðslu á fundinum en fundargerðin ber þó með sér að ráðið tók afstöðu til fjölmargra mála sem vísað var áfram til afgreiðslu borgarráðs eða til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa. Í bréfi ráðuneytisins er þó ekki vikið að aukafundi skipulags- og samgönguráðs sem haldinn var tveimur dögum síðar til að endurtaka allar kynningar í þeim málum sem frestað var.

Ráðuneytið kemst að þeirri niðurstöðu að ágallar á boðun funda eru til þess fallnir að valda óvissu um lögmæti viðkomandi fundar og þar með gildi þeirra ákvarðana sem þar voru teknar. Slíkir ágallar geta haft alvarlegar afleiðingar á síðari stigum en ráðuneytið bendir á að mál á verksviði ráðsins falli utan stjórnslueftirlits ráðuneytisins og heyri að megestefnu til undir eftirlit kærunefndar umhverfis- og auðlindamála. Í lok bréfsins beinir ráðuneytið því til Reykjavíkurborgar að framvegis verði tryggt að undirbúningur og boðun funda stjórnslunefnda í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar uppfylli ávallt kröfur laga og reglna sem á þessu sviði gilda. Þá telur ráðuneytið einnig að með vísan til almenns boðunarfrests funda borgarstjórnar sem og þess mikla fjölda mála sem að jafnaði liggur fyrir á fundum ráðsins að rétt væri að lengja þann lágmarksfyrirvara sem er á útsendingu fundarboðs, dagskrár og fundargagna fyrir fund skipulags- og samgönguráðs úr einum sólarhring í tvo.

Á fundi forsætisnefndar 31. ágúst sl. var samþykkt að endurskoða þau ákvæði í samþykktum fagráða þar sem kveðið er á um boðun funda og fundarsköp, á þann hátt að fundir skuli boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara. Forsætisnefnd samþykkti einnig að leita afstöðu fagráða og fastanefnda Reykjavíkurborgar til breytingarinnar. Þegar er lokið endurskoðun samþykktar menningar- íþróttar- og tómstundaráðs, mannréttinda- og lýðræðisráðs, öldungaráðs, fjölmeningarráðs og ofbeldisvarnarnefndar þar sem kveðið er á um að reglulegir fundir ráðanna skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Einnig er endurskoðun lokið á samþykktum skipulags- og samgönguráðs og umhverfis- og heilbrigðisráðs þar sem kveðið er á um að fundir skulu boðaðir með a.m.k. 36 klukkustunda fyrirvara samkvæmt beiðni umhverfis- og skipulagssviðs m.a. með vísan til þess að skipulags- og samgönguráð fundar vikulega. Á næstu vikum verður samþykkt fyrir nýja aðgengisnefnd (áður ferlinefnd fatlaðs fólks) lögð fyrir borgarstjórn með sambærilegum boðunarákvæðum og gert er ráð fyrir því að þær samþykktir sem eftir standa, aðallega samþykkt velferðarráðs og skóla- og frístundaráðs verði uppfærðar að því er þetta varðar fyrir sumarleyfi borgarstjórnar og í tengslum við yfirstandandi breytingar á stjórnkerfi Reykjavíkur.

Undirrituð mun upplýsa ráðuneytið f.h. borgarráðs um ofangreindar aðgerðir Reykjavíkurborgar og leita frekari leiðbeiningar ráðuneytisins vegna málsins til að auðvelda túlkun við þá endurskoðun samþykktar sem framundan eru.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar